

## 124. stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 8. janúar 2024 kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

*Viðstaddir eru: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Bragi Thoroddsen, sveitastjóri Súðavíkurhrepps, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rákel Árnadóttir sem ritar fundargerð.*

### Dagskrá:

#### 1. Styrkir og verkefni 2024

- Safnasjóður - úthlutanir

Forstöðumaður gerir grein fyrir styrkjum og verkefnum á komandi ári og auka úthlutum safnaráðs.

Byggðasafn Vestfjarða	<b><i>Umgengni í geymslum safna - hvað þarf að hafa í huga?</i></b>	Aukaúthlutun 2023 - námskeið	<b>300.000</b>
Byggðasafn Vestfjarða	<b><i>Varðveisluhúsnæði,</i></b>	Aukaúthlutun 2023 - vistaskipti	<b>300.000</b>
Byggðasafn Vestfjarða	<b><i>Farskólinn 2024</i></b>	Aukaúthlutun 2023	<b>300.000</b>

- Fornminjasjóður og safnasjóður- það sem er í ferli

Sædis ÍS	2.050.000	
Endurnýjun ljósa og öryggiskerfis í varðveislurými		1.100.000
Saga kaupstaðar - Neðstikaupstaður í fortíð og nútíð		1.030.000

## 2. Skýrsla safnaráðs

Gert grein fyrir skýrslu úttektaraðila frá safnaráði. Farið yfir það helsta sem þarf að lagfæra hvað varðar varðveisluhúsnæði og ábendingar hvað má betur fara. Starfsfólk hefur markvisst verið að bæta úr athugasemdum frá fyrstu skýrslu og hefur verið gerð mikil bragarbót á og verður unnið áfram að því. Lagt til að leggja fyrir sveita og bæjarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga eftir að skýrslunni hefur verið svarað af forstöðumanni.

## 3. Samþykktir safnsins

Umræða um samþykktir safnsins og greinargerðir. Senda á stjórnarmenn til samþykktar þegar breytingar hafa verið gerðar á ákv. greinum hvað varðar aðkomu menningarmálanefndar og fulltrúum frá Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp.

## 4. Önnur mál

### a. Staða geymslumála

Forstöðumaður gerir grein fyrir breytingum varðveisluhúsnæða. Vill koma bátunum fyrir í bili í hafnaraðstöðu. Gert ráð fyrir tímabundinni úrlausn í að minnsta ár og skal skoða hvernig málin standa eftir þann tíma. Umræður spunnust um hlutdeild sveitarfélaga í starfsemi Byggðasafnsins.

### b. Starfsstefna

Kynnt fyrir stjórn. Sagt frá helstu markmiðum bæði sem viðkemur faglegu starfi og því sem almennt kemur rekstri húsnæðis og hvernig Neðstikaupstaður birtist sem áfangastaður. Stefna sem enn er í vinnslu. Má bæta við smiðjunni á Þingeyri og munum í Ósvöru samkvæmt ábendingu frá stjórnarmanni.

Aðalfundur fyrirhugaður í marz.

Fleira ekki gert – fundi slitið.

